

Ed.

189. Nefndarálit

frá meiri hluta nefndarinnar.

um frumvarp til laga um árgjald af verslun og viðskiftum við útlönd á þingskj. 55.

Vjer, sem háttvirt efri deild Alþingis kaus í nefnd til að athuga frumvarp þetta, höfum gert oss far um að íhuga sem rækilegast mál það, er hjer ræðir um, og rætt það í nefndinni á daglegum fundum.

Einhuga er nefndin þeirrar skoðunar, að bráða nauðsyn beri til að auka

árlegar tekjur landssjóðs upp úr því, sem nú eru þær, og það svo skifti hundruðum þúsunda króna.

Samdóma eru nefndarmenn einnig um það, að eigi sje sem stendur önnur leið opin nje greið, — jafnvel eigi fær —, til að ná þessu marki, en að leggja alment gjald á verslun og vöruskifti landsins við útlönd.

Frumvörp þau á þingskj. 19. og þingskj. 40, er flytja samtals 6 háttv. þingmenn í neðri deild, bera vott um, að háttv. neðri deild sje um þetta svipaðrar skoðunar.

Tollálagning og tollhækkun hefir að undanfögnu verið aðalúrræðið til að afla landssjóði aukinna tekna, en ekki telur nefndin ráðlegt að halda áfram á þeirri braut mun lengra en komið er, hvorki þann veg, að fjölga að mun tollstofnum, er mundi útheimta of dýrt tollestirlit, nje þann, að hækka aðflutnings-tollinn á hinum tollskyldu vörum, er flytja má til landsins, með því að slik hækkun mundi auka tollsvik.

Hvoratveggja þessa áhættu, bæði um nauðsyn á of dýru eftirliti og um undandráttafviðleitni, ber að álitu nefndarinnar sem grandgæfilegast að varast, er lagt er inn á þessa nýju tekjuauka-leið, er að visu er ekki allfjarstæð tollaleiðinni, en er þó mun beinni og öruggari braut.

Vegna þessa er það einkar mikilsvert og jafnvel beinlínis nauðsynlegt, er til þess kemur, að leggja alment gjald til landssjóðs á verslun og vöruskifti við útlönd, að það sje hvivetna sem ótilfinnanlegast og jafnaðarfylst, komi ekki ofhart niður á nokkrum atvinnuvegi í landinu né nokkurri stétt manna, en leggist á alla atvinnuvegina, ekki síst aðalatvinnuvegina tvo, — landbúnað og sjavarútveg —, svo og alla landsbúa yfirleitt, sem almennast, jafnast og léttast.

Þessa meginhugsun frumvarpsins hefir nefndin öll aðhýlst, og lagt alt kapp á að búa það í einu og öllu í þann stakk, er best svaraði til hennar, og fara breytingar þær, er meiri hluti nefndarinnar leggur til að gerðar verði á megingrein frumvarpsins, 3. gr., í þessa átt einvörðungu.

Gjaldlagning á verð innlendrar útflutningsvöru þótti nefndinni ihugunarverðasta atriði frumvarpsins, og hugleiddi því rækilega spurninguna um, hvort áhættulaust mundi vera og því gerlegt, að leggja þar á nokkurt gjald.

Við þá ihugun kom það til greina, að slíkt gjald er ekki nýmæli framar á landi voru, þar sem útflutningsgjald hefir legið á fiski og lýsi o. fl. um fult 30 ára skeið, og gefist í alla staði vel, enda verið einkar lágt, og engin lamandi áhrif haft hvorki á þrótt manna né áhuga um framleiðsluna.

Þessi 30 ára reynsla virðist því hafa fært fullar sönnur á, að áhættulaust sé og meinlaust framleiðslunni útflutningsgjald af innlendri útflutningsvöru, annari en iðnaðarvöru, sé það að eins nógu lágt. Og þessa vildi nefndin fyllilega gæta, og leggur því til, að gjaldhæð frumvarpsins 2% og 1¹/₂%, á þessari vöru verði lækkuð á landafurðum um helming, en á sjávarafurðum um þriðjung; svo að gjaldið verði aðeins 1% af verði allrar þessarar vöru, og þá jafnframt haldið hinu áminsta forna lága útflutningsgjaldi af fiski, lýsi og fl. —

Verslunargjaldsupphæð sú, er með þessu móti legðist á landbúnaðarvöruna, yrði samkv. verslunarskýrslunum 1910 um kr 35 þús, en á sjávarvörurnar kr. 95 þús. og að viðbættu útflutningsgjaldi af fiski og lýsi o. fl., sem með viðlíka útflutningi og nú á sér árlega stað stappar sem næst 60,000, bæri sjávarvaran kr. 155 þús.

Með gamla útflutningsgjaldinu er þó eigi talið gjaldið af hvalafurðum nje sild, enda afla þess að mestu leyti útlendingar.

Eigi leiða þó tölur þessar einar fyllilega í ljós, hve mikið legðist í raun og veru á landbúnað og hve mikið á sjávarútveg af tekjuauka þeim, er með frumvarpi þessu er ætlaður landssjóði, því að er um þetta atriði á að meta hlutfallið milli þessara tveggja aðal atvinnuvega landsins, þá kemur og til greina, hve mikið rekendur hvors atvinnuvegarins um sig að eðlilegri þörf kaupa af aðfluttri útlendri vöru sér til viðurlífis, og hve mikið hvorum um sig er óhjákvæmilegt að kaupa af slíkri vöru beint til þess að geta rekið og reka atvinnuveg sinn á hverjum tíma sem er. — Þar sem öll þessi vara ber eftir frumvarpinu verslunargjald til landsjóðs, verður að taka þetta stórvægilega atriði til greina, er meta skal í hverju hlutfalli gjaldið lendir á hvorum þessara atvinnuvega um sig.

Þar sem nú engar hagfræðiskýrslur eru til um það, hve mikið landbændur annars vegar og sjávarútvegsmenn hins vegar þurfa að kaupa af erlendri aðfluttri vöru sjer til viðurlífis fyrir hvern framfærslumann sinn, verður ekkert um það sagt með vissu. En af því, hve margt og mikið hvorir um sig geta að jafnaði hjá sjálfum sjer, eða af eigin búí, tekið af nauðsynjum til fæðis og klæðis, má skynsamlega ráða, hvorir þarfnist meira af erlendri, aðfluttri vöru, og er auðsætt, að sjávarútvegs- og fiski-menn standa í þessu efni mjöklu miður að vigi, en daglauna-fólk og kaupstaða- og kaupstúna-búar þó hvað lakast.

Hitt má af verslunarskýrslunum sæmilega glögt sjá, hve mikið og margt af útlendri aðfluttri vöru hvorum um sig er óhjákvæmilegt að afla sjer árlega beinlínis til atvinnurekstursins sjálfs. Samkv. skýrslum ársins 1910 námu þessi kaup til sjávarútvegarins kr. 1,277,151, en til landbúnaðarins kr. 65,131. Þótt skifting þessi sje ekki að fullu gerð eftir rjettum reglum, og því eigi ábyggileg, sýnir hún þó, að munurinn er mjög mikill.

Við það, sem þegar er fram tekið, þykir nefndinni hlýða að bæta eftirfarandi niðurlags-atriðum :

Eins vist og það er af kunnum ástæðum, er ekki hefur þótt þörf á nje rúm til að rekja hjer að framan, að sú tekjuþörf landssjóðs, er bæta þarf, og bætt yrði með frumvarpi þessu, ef það yrði að lögum, er nálægt 3 hundruð þús. kr. á ári (— en reiknast hefur að frumvarpið gefi um 280 þúsundir, þ. e. um 160 þús. af innfluttri og rúmar 130 þús. af útfluttri vöru áður en innheimtulaun eru frá dregin), eins augljóst telur nefndin það, að sje gjald þetta á annað borð lagt á verslun landsins, þá verði eina örugga leiðin til að tryggja það, að gjaldið ekki aftri nje lami verslunina, nje heldur atvinnuvegina, sú, að leggja það bæði á aðflutta og útflutta vöru, sem næst helft gjaldsins á hvora; og að eini vegurinn til að komast, að sem mestu leyti, og svo sem auðið má verða, hjá ranglátum og óforsvaranlegum ójöfnuði gagnvart öllum þremur meginflokkum landsmanna, landbændum, sjávarútvegs- og fiskimönnum, og búlausu fólkí í kaupstöðum, kaupstúnum og sjávarbygðum, sje sá, að leggja gjaldið sem undantekningarminst á aðflutta vöru sem útflutta og hnífjafnt á landbúnaðar- sem sjávar-vöru.

Um öll þessi meginatriði erum vjer 4 undirritaðir nefndarmenn samdóma, og teljum þau augljós og vafalaus, og flytjum því, á þingskj. 171. all-verulegar breytingartillögur við frv. í samræmi við nefndarálit þetta.

Efri deild Alþingis, 9. ágúst 1912.

Steingrímur Jónsson
formaður.

Sigurður Stefánsson.

Jens Pálsson
skrifari og framsögnmaður.

Stefán Stefánsson.

Frá minni hluta nefndarinnar.

Jeg undirritaður hefi ekki getað orðið sammála háttv. meðnefndarmönnum mínum um ýms atriði í frumvarpi þessu, sjerstaklega þó um stefnu þess og leyfi mjer því að gera svofelt

Minni hluta álit:

Jeg er í fyrsta lagi engan veginn samþykkur háttv. meiri hluta um það, að önnur leið sje ekki til eða fær í þá átt að afla landssjóði tekna, en sú, að leggja toll á alla verslun. Þvert á móti verð jeg að telja hana neyðarúrræði eða örþrifarád, sem ekki þarf að gripa til og ætti aldrei að gripa til.

Aðalkostinn við alla tollálagningu verð jeg hiklaust að telja það, að tollstofnarnir sjeu fáir, og í öðru lagi, sje um nauðsynjavöru að ræða, að þá nái tollurinn til sem allra flestra landsins barna. Í frumv. háttv. meiri hl. er hvorugu þessu náð. Allar vörutegundir eru gerðar að tollstofnum með ýmsri flokkun og sundurskiftingu, sem sífelt getur valdið ágreiningi, auk þess sem undanskildar eru þó nú tollskyldar vörur, sem jeg verð að telja óheppilegt, einkum hvað snertir kaffi eða tóbak. Nefna má og það, að eftirlit alt verður erfitt og ókleift svo til hlítar sje, þar sem ekki er ólíklegt, að undanskot milli flokka mundu eiga sjer stað.

Að skattur þessi eða tollur komi jafnt niður, er heldur ekki hægt að segja með ástæðum.

Heimilisfeður allir verða sýnilega harðast úti, eða framleiðendur; verka- og vinnufólk kemst að mestu undan þessum álögum. Þó er um þessa álagningu talandi til bráðahyrgða, með því að leggja að eins á innfluttar vörur, en þegar til þess kemur, að leggja toll á útfluttu vöruna, afurðir landsins, komast undan þeim skatti allir embættismenn og opinberir starfsmenn þjóðarinnar, sem geta greitt alla sína vöru, er þeir þurfa til heimilisþarfa og annars með peningum. Þannig er útflutningsgjaldið í þessu tilliti órjettlált, auk ýmsra annara ókosta, sem jeg mun þegar drepa á, en fyrst vil jeg taka það fram, að það er alls ekki rjett hjá háttv. meiri hl., að nefndin hafi öll verið sammála, að öðru en snerti útflutningstollinn, eins og sjest á því sem hjer er að framan skráð.

Útflutningstollinn á allri framleiðsluvöru landsins vill háttv. meiri hluti rjettlæta með því, að 30 ára góð reynsla sje þegar fengin um hann með lögum um útflutningsgjald af fiski og lýsi frá 4. nóv. 1881. En þetta virðist ekki rækilega skoðað hjá háttv. meiri hl. Lög þessi eru í fyrstu að eins til þess gerð, að ná gjaldi af útlendingum, sem raka saman fje á fiskimiðum vorum, þótt um leið nokkuð af gjaldinu hafi lent á sjávarútvegsmönnum innlendum. En það sem sjerstaklega er ástæðan til þess, að undan þessu hefir ekki verið kvartað af sjávarútvegsmönnum, er það, að þessi skattur er rjettlætting á milli landbúnaðar og sjávarútvegs, á sem sje að vega móti ábúðarskattlinum, sem á landbúnaðinum hvílir, og er þá síst ranglátur, þegar til alls er litið. Þetta hafa víst allir viðurkent, en þó hvað greinilegast háttv. meiri hl., því þeim ákvæðum frumvarpsins, eins og það kom frá háttv. flutningismönnum, að nema úr gildi þessi 30 ára útflutningsslög, hefir háttv. meiri hl. fallið frá, og auk þess lagt það til, að jafnhátt útflutningsgjald yrði á landbúnaðar- og sjávarafurðum. Jeg verð því að skoða háttv. meiri hl. mjer samdóma um það, að nú sje með gildandi lögum síst hallað á sjávarútveg-

inn með tollálagningu, og kemur þá til álita útflutningstollur nú af framleiðslu yfir höfuð.

Háttv. meirihl. telur hann réttmætan, ef hann að eins er nógu lítill. Þetta kann nú að vera rökrjett hugsun, þó jeg geti ekki fallist á hana. Mín skoðun er það, að tollur af allri framleiðslu til lands og sjávar, sem nauðsynleg er til lífsframfærslu þjóðinni, sje órjettur, og eigi ekki að eiga sjer stað. Því auk þess sem hann lamar og drepur niður áhuga og starf við framleiðsluna, er hann órjettlætandi, vegna þess, að með því rífum við niður með annari hendinni, það sem vjer byggjum upp með hinni. Landssjóður hefir á ýmsan hátt styrkt framleiðsluna bæði til lands og sjávar, og með því viljað sýna, að þessir tveir atvinnuvegir væru hans óskabörn, sem ekkert hár mætti skerða á, og þannig stendur það nú, að ýmsar greinar í þessari framleiðslu njóta beinlínis og óbeinlínis styrks af landsfje. Hvernig liti það nú út, ef t. d. smjörbúin, sem hafa verðlaun fyrir útflutning á smjöri, ættu um leið að greiða útflutningstoll? Samræmið held jeg að ekki sje til fyrirmyndar.

Þar sem háttv. meirihl. er að gera upp milli landbúnaðar og sjávarútvegs og drepa á, hve þarfir sjávarútvegsins sjeu miklu stærri til framfærslu og atvinnureksturs, þá get jeg ekki kannast við, að óvilhalt sje farið þar með málið.

Eins og nú stendur, lifa af landbúnaði 43411 manns (samkv. landhgs.sk. 1910), en á sjávarútvegi 15890 manns, eða lítið yfir þriðjung á móts við landbúnaðinn. Þegar nú aðgættar eru útfluttar afurðir sjávar og lands, þá kemur í ljós, að af sjávarafurðum er útfl. um $7\frac{1}{2}$ milj. króna virði, en af landbúnaði um $3\frac{1}{2}$ milj. kr. Verður þá af því sýnilegur, þó fult tillit sje tekið til þess fjár, sem stendur í skipastólnum, hinn geipilegi munur á arðsemi atvinnuveganna, og þá um leið, hvað sjávarútvegurinn er færari um að þola allan tilkostnað við atvinnureksturinn, þar sem um 470 kr. koma í framleiðslu á hvern mann, sem stundar eða lifir af sjávarútvegi, en ekki fullar 90 kr. á hvern þann, sem á landbúnaði lifir. Játa skal eg það, að vel má vera, að meiru sje eytt í landinu sjálfu af landbúnaðarafurðum, einkum að krónutali. en það er ekkert líkt því, að það sje í þá átt, að jafna þennan geipi mun. Og enn má geta þess, að landbúnaðurinn elur stöðugt upp fólk handa sjávarútveginum. Af þessu er það auðsætt, að sjávarútvegurinn á siður en svo að bera lægra gjald af aðfluttri vöru til atvinnureksturs.

Fleira, sem fram þarf að taka þessu viðvikjandi, vænti jeg mjer gefist kostur á undir umræðum, því nú er tíminn takmarkaður, þar sem jeg hefi að að eins fengið að hafa álit háttv. meirihl. í 2 kl.tíma.

Af framteknum ástæðum, verð jeg því að ráða hinni háttv. deild eindregið til að fella frumvarp þetta. Og jeg sje ekki ástæðu til að gera við það þær breytingartillögur, er gætu komið því í sémilegt horf, þar sem um fleiri vegi er að ræða og velja í þinginu, til þess að ná inn í landssjóðinn bráðnauðsynlegu fje og allir þeir vegir eða flestir sýnast álitlegri en þessi.

Alþingi, 9. ágúst 1912.

Þórarinn Jónsson.